



## Minnisblað

<b>Viðtakandi</b>	Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis	<b>Dagsetning</b>	10. maí 2024
<b>Sendandi</b>	Dómsmálaráðuneytið	<b>Málsnúmer</b>	DMR24020159

### Minnisblað til Alþingis um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum

Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis þar sem óskað var eftir minnisblaði frá dómsmálaráðuneytinu um það sem komið hefur fram í skýrslum ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum.

Ríkissaksóknari gefur út árlegar skýrslur um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum. Í skýrslunni sem gefin var út fyrir árið 2021 komu fram athugasemdir varðandi framkvæmd og meðferð símahlustana og skyldra úrræða innan lögreglu. Helstu athugasemdirnar í skýrslunni lutu að því að vanhöld voru á því að tilkynningarskyldu til þolenda aðgerða væri sinnt með fullnægjandi hætti og einnig að tryggt væri að gögnum væri eytt, og staðfesting þess efnis skráð, þegar ekki væri lengur grundvöllur fyrir vörslu þeirra. Í skýrslunni fyrir árið 2021 kom einnig fram að rekjanleiki á aðgengi starfsmanna að þeim upplýsingum sem aflað hefur verið með símahlustunum og skyldum úrræðum væri ábótavant, en að ekki verði unnt að bregðast fyllilega við þeim athugasemdum fyrir en fullnægjandi kerfi yrði tekið í notkun.

Í eftirlitsskýrslunni fyrir árið 2022 kom fram að framkvæmd hjá lögreglu hvað varðar skráningar um tilkynningar og eyðingu gagna í LÖKE og hverjir hafi haft aðgang að gögnunum sem verða til hafi færst til betri vegar en auk þess var vísað í fyrri skýrslur varðandi vankanta á framkvæmdinni.

Dómsmálaráðuneytið sendi erindi á öll lögregluembættin í desember 2022 þar sem óskað var skýringa á þeim atriðum sem rakin eru í skýrslu ríkissaksóknara fyrir árið 2021 um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum, sbr. 3. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008.

Í janúar 2024 aflaði ráðuneytið nánari upplýsinga hjá lögregluembættum vegna málsins auk þess sem farið var yfir málefnið á fundi lögregluráðs. Lögregluembættin eru mjög misjöfn að stærð og hjá sumum staðarembættanna kemur sjaldan til þess að krafist sé aðgerða sem falla undir 80.- 82. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Flestar beiðnir um slíkar aðgerðir koma til vegna mála sem eru til rannsóknar við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu eða embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum.

#### Skráningar í LÖKE um eyðingu gagna samkvæmt 1. mgr. 85. gr. sml.

Lögregluembættin hafa brugðist við athugasemdum úr skýrslum ríkissaksóknara sem snúa að því að tryggja það að gögnum sé eytt jafnskjótt og þeirra er ekki lengur þörf eða endanlegur dómur hefur verið kveðinn upp í málinu.

Lögregluembættin vísuðu í svörum sínum til fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 12/2017 um eftirlit ríkissaksóknara með símahlustunum og skyldum úrræðum og að sérstaklega væri leitast við að tryggja að vinnsla mála væri í samræmi við þau fyrirmæli. Þau embætti sem hafa sett sér sérstakt skráð verklag hafa tryggt það að það sé í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum og hvað snertir 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 einkum 6. tölulið fyrirmælanna. Þau embætti sem ekki hafa sett sérstakt skráð verklag hafa tryggt að verkferillinn innan embættisins sé í samræmi við lagaákvæðið og fyrirmæli ríkissaksóknara. Unnið verður að því að koma á samræmdu verklagi með reglum sem settar yrðu af embætti ríkislögreglustjóra.



## Minnisblað

Héraðssaksóknari hefur bent sérstaklega á þá óvissu sem er til staðar varðandi það hvað teljist vera endanlegur dómur í skilningi 1. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála eftir tilkomu endurupptökudóms og með hliðsjón af þeim málafjölda þar sem heimiluð er endurupptaka dæmdra mála, meðal annars dóma Hæstaréttar. Endurupptökudómur kom til sögunnar eftir að núverandi 85. gr. laga nr. 88/2008 var sett. Ráðuneytið mun setja þessa ábendingu í sérstakan farveg og er með til skoðunar að beina henni til réttarfarsnefndar.

### Skráningar í LÖKE um tilkynningar til þolanda aðgerða samkvæmt 2. mgr. 85. gr. sml.

Brugðist hefur verið við þeim athugasemdum sem komu fram varðandi þetta í eftirlitsskýrslum ríkissaksóknara fyrir árið 2021 og 2022. Hjá lögregluembættunum er tryggt að tilkynningarskyldu sé sinnt í samræmi við fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 12/2017 um eftirlit ríkissaksóknara með símahlustunum og skyldum úrræðum, samanber einkum 5 tl. fyrirmælanna.

### Upplýsingar um hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum skv. 3. mgr. 85. gr. sml.

Verklag einstakra lögregluembætta miðar að því að einungis þeir starfsmenn sem þess þurfa, vegna vinnslu einstakra mála, hafi aðgang að gögnum vegna símahlustana eða annarra skyldra úrræða. Sum embætti hafa sett sérstaka verkferla hvað þetta snertir en almennt er tryggt innan einstakra embætta að fylgt sé 4. tl. fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 12/2017 og haldin skrá um meðferð upplýsinganna svo sem um hvaða starfsmenn hafi haft aðgang að umræddum gögnum, upplýsingar um afrit sem gerð hafa verið og upplýsingar um hverjir hafi fengið afrit afhent.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur fjárfest í nýju kerfi sem til stendur að nota vegna símahlustana og skyldra úrræða. Með því kerfi er hægt að afla upplýsinga um það hverjir hafa aðgang að gögnum ásamt því hverjir hafa skoðað eða hlustað á gögn. Það sem stendur í vegi fyrir fullri virkni þessa kerfis er að einungis eitt fjarskiptafyrirtæki er tæknilega tilbúið til tengingar við kerfið og því er ekki unnt að senda símtöl inn í kerfið eins og staðan er í dag.